

þyrjaði hann á dagbók sinni og að efna til þess er síðar varð hans aðalverk. Hann safnaði af öllum kröftum, öllum þeim gögnum og upplýsingum eru hann gat höndum yfirkomid, með samtali við menn, úr ritum og bókum, er laut að úrættun og umbótum húsdýra og jurtategunda. „Er eg lít yfir starf mitt frá þeim tíma furðar mig á iðni minni þá,“ segir hann. „En brátt komst eg að þeirri niðurstöðu, að þau einu skilyrði syri umbótum væru þau, að velja hæfari einstaklingana, hvort heldur var um jurt eða dýr að ræða, til framleiðslu, en úrelda hina. Hversu það gæti látið sig gjöra, frá tilverunnar hendil, var mér ekki fullljóst þá.“

En árið eftir las hann bók eftir hagtræðinginn enska, Malthus, „Um mannfjölgun“, og segir hann að þá hafi hann komist að hvaða aðferð það er, sem tilveran notar til þess að úrelda það óhæfara en viðhaldla því fullkomnara. Það er: „Baráttan fyrir tilverunni.“ Sú baráttá er strið og strið, og í henni sigrar jafnan hið þróttameira, þeir einstaklingar, er bera yfirburði yfir þá, er þeir eiga í sökum við. Og þegar því er fylgt um ómuna tíð, kynslóð eftir kynslóð, myndast á þann hátt nýjar tegundir, en aðrar aftur líða undir lok, er undir verða í sókninai. Yfirburðirnir til lífs útveganna ganga í ættir og breytir smámsaman lögum og lifnaðarháttum tegundanra. Á sama hátt deilast svo þessar tegundir í smátegundir, og þær aftur síðar í flokka. Frá einni frumtegund getur því þetta margbreytilega dýralíf jarðarinnar sprottið. Jurta og dýrarkið eiga einn og sama uppruna.

Öll skifting og aðgreining dýra og jurta er „breytiþróun.“ Þannig, að af sama stofni, um ómælilegan aldur, hefir hin lifandi veröld sundurgreinst í allar þær margvislegu tegundir er nú finnast, því með einstaklingsbaráttunni, fyrir tilverunni, hefir það þróttameira og lífhæfara sigrað, og hafa þeir eiginleikar, einn til þessa, annar til hins, gengið í ættir og tegundirnar myndast, er svo aftur, hlýðandi sömu lögum, hafa haldið áfrani að breytast í smærri kynkvíslir og flokka.

Þetta er í fám orðum yfirlit yfir Framþróunarkenninguna, er hann útfærir í bókinni „Uppruni Tegundanna,“ er má telja